

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 19.02 2025

**Fundarstaður:** Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík. **Fundartími:** 16:10

**Mætt:** Jón Trausta Harðarson, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Hrönn

Sigurfinnsdóttir, Ævar Rafn Kjartansson, Ágúst Guðjónsson og Lilja Rut Benediktsdóttir

**Gestur:** Málfríður Finnbogadóttir

### Dagskrá fundar:

1. Staðan, sýning í Skálholti
2. Geymslu- og gámamál
3. Kynning, samtök prentsafna
4. Styrktarumsóknir
5. Önnur mál

#### 1. Staðan, sýning í Skálholti

Farið var yfir texta sem Málfríður og Katrín settu saman um sýningu á Skálholti. Textinn er hugsaður sem almennur kynningartexti um sýninguna og einnig sem grunnur fyrir styrkumsóknir. Textinn var samþykktur (sjá texta í viðhengi 1).

Rætt var um sýningu, sýningarform, vinnsluáætlun og undirbúning styrkumsókna fyrir sýninguna í Skálholti. Stjórnarmenn hafa lagt mikla vinnu í að safna saman gögnum til að búa til raunhæfa kostnaðaráætlun. Ekki verður tekið lán fyrir uppsetningu sýningarinnar, og því verður stakkur sniðinn eftir efnahag. Margir hafa boðið fram vinnuframlag við uppsetningu sýningarinnar, og við erum afar þakklát fyrir það og munum nýta þá aðstoð.

Verið er að skoða möguleikann á því að fá þá sex stafi (lausaletur) sem fundust við uppgröft í Skálholti um aldamótin og setja þá upp á sýninguna. Einnig er verið að skoða bókakost Skálholts og hvernig best er að nýta hann í sýningunni.

#### 2. Geymslu- og gámamál

Stólpi Gámar eru að flytja starfsemi sína á nýtt svæði þar sem þeir munu aðeins þjónusta eigin gáma, svo við þurfum að endurskoða geymslu- og gámamál. Mikilvægt er að ákveða hvernig við höldum áfram varðandi geymslu á munum, hvað af því sem er í gámum verði nýtt á sýningu og forðast að geyma það sem ekki telst til prentminja. Tryggvi er í samskiptum við Þorsteinn Veturliða því hann hélt utan um gámamál á sínum

tíma og er vel kunnugur því sem geymt er í þeim. Tryggvi lagði til að Þorsteinn og Ágúst færi í að skoða nýja staðsetningu og hagræðingu í gámum. Ágúst var til í það og það var því samþykkt.

### 3. Kynning, samtök prentsafna

Ævar kynnti fyrir okkur samtök Evrópskra Prentsafna (European Association of Print Museums, AEPM), sjá slóð: <https://www.aepm.eu>. Hann telur okkur eiga heima í þessum samtökum því þarna séu félagasamtök sem eru að safna prentminjum líkt og við. Aðildagjald er vægt eða um 7.500.- kr. á ári, en sú aðild veitir okkur aðgang að tengslaneti safnara og fróðleik um ýmislegt sem viðkemur söfnun prentminja. Stjórn sá hag í að tengjast prent söfnum og því var samþykkt að Prentsögusetur myndi ganga í samtökin.

### 4. Styrktarumsóknir

Eins og fyrr sagði er unnið er að því að safna gögnum til að klára styrkumsóknir. Sótt verður um styrki til ýmissa aðila, þar á meðal Sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabankans og Grafíu.

### 5. Önnurmál

- a. Rætt var um safnmuni sem mögulega gætu farið á sýningu og að nálgast aðila innan greinarinnar til að styrkja okkur við að setja saman lista yfir það sem ætti helst að vera til sýnist.
- b. Ágúst kynnti tilboð í loftaefni fyrir sýningu.

Fundi slitið 17:50

Katrín Jónsdóttir, ritaði